

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis um tillögu til þingsályktunar um skrásetningu kjörsóknar eftir fæðingarár í kosningum á Íslandi frá vori 2014.

62. mál.

Undirritaður hefur móttengið tölvubréf stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis dags. 12. nóvember 2013 þar sem óskað er eftir umsögn hans um tillögu til þingsályktunar um skrásetningu kjörsóknar eftir fæðingarári í kosningum á Íslandi frá vori 2014. 62. mál.

Undirritaður sendir yður svohljóðandi:

U m s ö g n

Tillagan gerir ráð fyrir að kjörstjórnir skili Hagstofu tölum um kosningaþátttöku hvers aldursárs eftir fæðingarári kjósenda auk þeirra upplýsinga sem aflað hefur verið hingað til.

Engin vafi er á því að betri upplýsingar um kosningaþátttöku aldurshópa eru góðar og gildar í ýmis konar fræðaskyni. Ég hef meiri áhyggjur af vinnunni við að afla þessara upplýsinga og hvaða kjörstjórnir tæku saman þessar tölur.

Skráning kosningaþátttöku er skrifleg, en ekki færð inn í tölvur. Hún á sér stað með færslu merkinga inn í kjörskrá sem er í innbundnum kjörbókum. Kjörstjórnir taka saman heildartölur um fjölda kjósenda þegar kjörfundi lýkur á sérstökum samlagningarblöðum og eru kjósendur einnig greindir eftir kyni. Þetta verk er mikil nákvæmnisvinna þrátt fyrir að ekki sé um frekari greiningu að ræða en fjölda og kyn. Kjörskráin sjálf er aðgengileg í tölvutæku formi, en á meðan kosningaþátttöku er ekki færð inn í þann sama gagnagrunn á kjörfundinum sjálfum er vinna við að taka saman tölur um þátttöku eftir fæðingarári **stórkostlega yfirgripsmikil** fyrir einstakar kjörstjórnir og nánast óvinnandi og hætt við að **flutningur kjörgagna** tefðist verulega.

Þá má nefna að tölur um þátttöku á minni kjörstöðum gætu kallað á ýmsar spurningar um **persónuvarin réttindi** kjósenda.

Ef persónuvernd hamlar ekki slíkum samantektum, gætu yfirkjörstjórnir, t.d. í alþingskosningum og þjóðaratkvæðagreiðslum tekið þetta saman eftir kosningar með úrvinnslu úr kjörskrá. Kjörstjórnir sveitarfélaga myndu gera það sama í sveitarstjórnarkosningum.

Að óbreyttu er vinna við þetta mikil, eins og kjörskrár eru gerðar í dag og lauslega áætlað giska ég á 1 vinnustund á hver 50-200 atkvæði.

Niðurstaða mín er því sú að þetta er framkvæmanlegt, en útheimtir mjög mikla vinnu eins og fyrirkomulagið er nú. Einnig veltir undirritaður fyrir sér hvort upplýsingarnar sem safnað er með þessu móti gætu hugsanlega brotið í bága við persónuvernd kjósenda.

Undirritaður mun fagna því að fá tækifæri til að hitta nefndina.

Vestmannaeyjum, 12. nóvember 2013
Virðingarfyllst,

Karl Gauti Hjaltason
oddviti yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis